

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Akureyri, 12. mars 2018

Tilv. 2018-03-01-0790

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (stjórn álaveiða).

Vísað er til erindis sem barst Fiskistofu 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um ofangreint málefni.

Fiskistofa telur rétt að benda á nokkur atriði vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (stjórn álaveiða). Fiskistofa tekur undir það sem fram kemur í umsögn Bændasamtaka Íslands um að staða ála á Íslandi, eða á heimsvísu, verði ekki rakin til óábyrgrar nýtingar á áli á Íslandi. En álar á Íslandi mynda ekki sérstaka íslenska stofna, heldur er um blandaða stofna að ræða. Það er óljóst hvað veldur hinni miklu minnkun álastofna á heimsvísu. Álaveiði hefur ekki verið mikil hér á Íslandi og hagsmunur taldir vera óverulegir, eins og fram kemur í frumvarpinu. Fiskistofa bendir á að ef frumvarpið verður að lögum felur það í sér að heimilt verður að grípa til vendaraðgerða vegna stöðu ála á Íslandi, ef þörf er talin á því. Slíkar heimildir er að finna í lögum nr. 61/2006 um lax- og silungasveiði vegna lax- og silungastofna, en Fiskistofa getur sett reglur um friðun lax- og silungastofna að fenginni tillögu eða umsögn Hafrannsóknastofnunar (24. gr. laganna). Fiskistofa telur eðlilegt að heimilt verði að grípa til vendaraðgerða fyrir ála á Íslandi, rétt eins og á við um aðrar fisktegundir við Ísland, sem byggja á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafastofnun hafs og vatna.

F.h. Fiskistofu

Margrét Kristín Helgadóttir

